



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um skilgreiningar í drögum að reglum um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks

Þann 7. júní 2023 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn varðandi drög að reglum Reykjavíkurborgar um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks:

Í lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuparfir er þess hvergi getið að fólk sem falli undir lögina sé með örorkumat og þ.a.l. hafi til þess bætt örorkuskírteini. Undir hugtakið örorka má fella einstaklinga á aldrinum 18-67 ára sem hafa farið í örorkumat en örorkumat er þá framkvæmt þar sem færni er metin eftir sjúkdóma, slys eða fötlun. Skilyrði er að endurhæfing sé fullreynd. Hvernig er tekið á þeirri staðreynd í drögum að reglum um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks að fatlað fólk er ekki allt með örorkumat? Samkvæmt 25. gr. laga nr. 38/2018 er sveitarfélögum heimilt að veita styrki eða fyrirgreiðslu vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar sem hér segir:

1. Styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.

2. Styrk til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Í 2. gr. leiðbeinandi reglnanna er fjallað um hverjir eiga kost á að sækja um styrkinn og að reglur sveitarfélaga verði að sækja stoð sína til laga nr. 38/2018. Lögina mæla hvorki fyrir um það hverjir eigi kost á styrkjum né tilgreina aldursmörk í því sambandi. Hvernig hyggst Reykjavíkurborg taka á þessu atriði?

Svar:

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir veita sveitarfélögum ákveðið svigrúm til að meta, miðað við aðstæður hverju sinni, hvers konar þjónustu þau veita fötluðu fólki í samræmi við markmið laganna sem koma fram í 1. gr. þeirra og hvernig aðgengi fatlaðs fólks að þeirri þjónustu skuli tryggt. Ekki er unnt að ráða af lögnum nema að litlu leyti hver hinn efnislegi réttur íbúa sveitarfélags er í þessum efnum þar sem hann ræðst aðallega af ákvörðun hvers sveitarfélags. Í samræmi við ákvæði 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er sveitarfélögum tryggður sjálfstjórnarréttur og í honum felst m.a. það að sveitarfélög ráða hvernig útgjöldum er forgangsraðað í samræmi við lagaskyldur og áherslur hverju sinni.

Í gildi eru leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsparfir.



Í 2. mgr. 2 .gr. leiðbeinandi reglna kemur eftirfarandi fram:

Sveitarfélag getur aftur á móti ákveðið forgangsröðun eða áherslusvið við úthlutun styrkja enda sé það tilgreint í reglum þess. Sveitarfélag getur þannig ákveðið að styrkjum sé einkum ætlað að standa til boða fyrir umsækjendur 18–67 ára. Einnig getur sveitarfélag litið til þess við meðferð umsókna hvort hæfing, sem óskað er eftir stuðningi við, geti nýst á vinnumarkaði. Aðstæður í sveitarfélagi með tilliti til námsúrræða geta einnig haft áhrif á mótun reglna, til dæmis er eðlilegt að sveitarfélag taki afstöðu til þess hvort fatlaðir nemendur, yngri en 18 ára, geti átt kost á styrk til kaupa á fartölvu sem gagnast við námið. Styrkveitingu er ætlað að stuðla að virkni í víðum skilningi. Styrkir koma þó hvorki í stað starfsendurhæfingarúrræða samkvæmt lögum eða reglum sem gilda á vinnumarkaði né í stað endurhæfingarúrræða sem heilbrigðisþjónustan ber ábyrgð á að veita.

Af hálfu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar er talið mikilvægt að lögð sé áhersla á að veita styrki til þeirra einstaklinga sem njóta þjónustu samkvæmt lögnum og að þeim hópi sé forgangsraðað í þessu tilliti. Ljóst sé að einstaklingar geti verið með örorkumat án þess að falla undir lögin og njóta þjónustu á grundvelli þeirra. Ætla megi að flestir þeir sem njóti þjónustu á grundvelli laganna séu með örorkumat. Komi upp tilvik þar sem einstaklingur er ekki með örorkumat en telst fatlaður í skilningi laganna og fær synjun á umsókn sinni þá er ávallt hægt að leita með slík mál til áfrýjunarnefndar velferðarráðs sem hefur heimildir til að veita undanþágu frá reglunum.

Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir má nálgast hér á vef stjórnarráðsins:

<https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Felags--og-fjolskyldumal/Fatlad-folk/Lei%c3%b0beinandi%20reglur%20um%20styrki%20til%20n%c3%a1ms%20og%20verkf%c3%a6ra%20og%20t%c3%a6kjakaupa.pdf>